

Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Mánudagurinn 28. júlí 2025 kl. 13:15

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð. Sömuleiðis Víðir Þorvarðarson framkvæmdastjóri félagsins sem og Heiðar Ásberg Atlason lögmaður.

Dagskrá:

1. Drög að kaupsamningi

Stjórn samþykkti þann 15. júlí sl. að ganga til samninga við Mílu á grundvelli þess kaupsboðs sem liggur fyrir og fól stjórnarformanni ásamt lögmanni félagsins að leiða þá samningsgerð.

Stjórnin ræddi drög að kaupsamningi sem nú liggja fyrir.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni félagsins að loka þeim samningi sem liggur fyrir með tilliti til umræðna og athugasemda á fundinum.

Endanlegur samningur verði lagður fyrir stjórn á næsta fundi til samþykktar með fyrirvara um samþykki bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 14:10.